

Innflutningur búrfugla/skrautfugla* til Íslands

**Þessar leiðbeiningar gilda um búrfugla/skrautfugla sem haldnir eru sem gæludýr*

Innflutningsleyfi – eftirlit vegna innflutnings - kostnaður

Sækja þarf um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar tímanlega fyrir innflutning, a.m.k. með fjögurra vikna fyrirvara. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar. Þegar umsókn hefur borist er haft samband við umsækjanda til þess að gera ráðstafanir vegna úttektar á heimaeinangrun. Að lokinni úttekt er gefið út leyfi/forsamþykki vegna innflutnings. Slíkt leyfi byggir á því að öll skilyrði vegna innflutnings verði uppfyllt. Þegar sýni hafa verið tekin og heilbrigðisvottorð gefið út af dýralækni í útflutningslandi skal senda afrit til Matvælastofnunar (petimport@mast.is) til yfirferðar og samþykktar. Ekki má senda fuglinn til landsins fyrr en endanlegt samþykki liggur fyrir.

Innflutningseftirlit fer fram við komu fuglsins til landsins auk þess sem skoðun fer fram a.m.k. einu sinni á meðan einangrun stendur og oftár ef þörf krefur t.d. vegna veikinda eða slysa.

Kostnaður við innflutning

Innflytjandi ber allan kostnað af öflun vottorða, sóttvarnarráðstöfunum og eftirliti þ.m.t. sýnatökum og rannsóknnum sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar.

Matvælastofnun sendir umsækjanda reikning vegna eftirlitsgjalds. Gjaldið er vegna útgáfu leyfis og vottorðaskoðunar, úttektar á einangrun, innflutningseftirlits við komu á Keflavíkurflugvelli og eftirlits / skoðunar dýrs í heimaeinangrun fyrir afléttingu einangrunar (tíma- og ferðagjald skv gjaldskrá Matvælastofnunar).

Athugið að ef vottorð eru ekki rétt frágengin eða ef fylgiskjöl vantar þá verður afgreiðsla innflutnings tímafrekari og hefur það aukinn kostnað í för með sér. [Gjaldskrá Matvælastofnunar](#).

Heilbrigðiskröfur

Uppfylla skal allar heilbrigðiskröfur vegna innflutnings og halda tímamörk vegna sýnataka o.fl. Dýralæknir í útflutningslandinu skal taka sýni og gefa út heilbrigðisvottorð. Sjá síðu 2.

Tegundir á válista

Athugið að fyrir tegundir sem eru á válista (í útrýmingarhættu) skal afla sk. CITES vottorðs bæði í útflutningslandi og á Íslandi. [Náttúruverndarstofnun](#) hefur umsjón með CITES málum.

Heimaeinangrun í 4 vikur

Búrfuglum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning í heimaeinangrun.

- Fugli í heimaeinangrun skal haldið í afmörkuðu rými þar sem ekki er mikill umgangur.
- Ekki mega vera önnur dýr á heimilinu meðan á heimaeinangrun stendur.
- Þeir sem sinna fuglum í heimaeinangrun skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun fuglanna og skulu m.a. þvo og sótthreinsa hendur eftir alla meðhöndlun fuglanna og úrgangs þeirra.
- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.
- Komi upp veikindi eða slys hjá fugli í heimaeinangrun skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með fuglinn á dýralæknastofu án samráðs við Matvælastofnun. Drepist fugl í heimaeinangrun skal hann krufinn.

Einangrun hjá verslunaraðilum

Þegar um er að ræða innflutning búrfugla á vegum verslunar gilda eftirfarandi kröfur um einangrun:

- Einangrun skal vera lokað rými þar sem tiltekinn starfsmaður ber ábyrgð á allri umönnun fugla og skal hann einn hafa aðgang að einangrunaraðstöðunni.
- Ekki má vera samgangur milli fugla í einangrun og annarra fugla eða dýra.
- Starfsmaður skal nota sérstakan hlífðarfatnað við störf sín í einangruninni sem ekki er notaður utan hennar og skal gæta fyllsta hreinlætis, m.a. skal hann ætíð þvo og sóttreinsa hendur sínar bæði fyrir og að loknum störfum sínum í einangruninni.
- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.
- Komi upp veikindi eða slys hjá fugli í einangrun skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með fuglinn á dýralæknastofu án samráðs við Matvælastofnun. Drepist fugl í einangrun skal hann krufinn.

Ólöglegur innflutningur

Búrfuglar sem ekki uppfylla skilyrði vegna innflutnings verða sendir úr landi eða aflífaðir bótalaust og á kostnað innflytjanda.

Lög og reglur

Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis og reglugerð 201/2020 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr kveða á um skilyrði vegna innflutnings og einangrunar gæludýra.

Heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á búrfugli

Með heilbrigðis- og upprunavottorði (ath! aðeins eyðublað sem gefið er út af Matvælastofnun í þessum tilgangi er tekið gilt) skal eftirfarandi staðfest af dýralækni:

- Upplýsingar um innflytjanda (ath sá sami og hefur leyfi til innflutnings).
- Upplýsingar um fuglinn; tegund og auðkenni fugls (örmerki, hringur...)
- Fuglinn skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
- Salmonella spp.** Taka skal saursýni úr fuglinum í fyrsta lagi 3 vikum (21 degi) fyrir innflutning og rannsaka m.t.t. salmonellu. Niðurstaða skal vera neikvæð.
- Newcastle sjúkdómur.** Taka skal sýni (blóðsýni, stroksýni eða saursýni) úr fuglinum í fyrsta lagi 3 vikum (21 degi) fyrir innflutning og rannsaka m.t.t. Newcastle disease. Niðurstaða skal vera neikvæð.
- Fuglainflúensa (H5 / H7).** Taka skal sýni (blóðsýni, stroksýni eða saursýni) úr fuglinum í fyrsta lagi 3 vikum (21 degi) fyrir innflutning og rannsaka m.t.t. fuglainflúensu. Niðurstaða skal vera neikvæð. Á skýrslunni þarf að koma fram stofn fuglainflensuveiru sem var rannsökuð (H5 og H7).

Sýni og rannsóknarniðurstöður

- Sýni skulu greind á viðurkenndum rannsóknarstofum.
- Auðkenni fugls og dagsetning sýnatöku skal koma fram á rannsóknarniðurstöðum.
- Rannsóknarniðurstöður skulu vera á ensku.

Vottorð sent til Matvælastofnunar til samþykkis í síðasta lagi 5 dögum fyrir innflutning

- Skannað afrit undirritaðs heilbrigðis og upprunavottorðs ásamt rannsóknarniðurstöðum skal sent Matvælastofnun til yfirferðar og samþykkis í síðasta lagi 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag fuglsins.
- Gögnin skulu send sem viðhengi með tölvupósti til petimport@mast.is
- Berist gögnin síðar en 5 dögum (sólarhringum) fyrir áætlaðan komudag er stofnuninni heimilt að synja innflutningi.

- Gögn vegna innflutnings dýra eru yfirfarin á virkum dögum, á afgreiðslutíma Matvælastofnunar.
- Ef ekki eru gerðar athugasemdir við heilbrigðis- og upprunavottorð, er það staðfest af Matvælastofnun og tilkynning þess efnis send innflytjanda.

Innflutningsstaður og flutningsbúr

- Keflavíkurflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr.
- Flutningsbúr skal vera sterkbyggt og úr efni sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Búrið skal vera hæfilega stórt og á því skulu vera op til að tryggja góð loftskipti og að fuglinn sjái út.
- Leyfilegur komutími búrfugla er á milli kl. 06:00 og 17:00 á virkum dögum. Ef koma utan þess tíma er nauðsynleg þarf að óska sérstaklega eftir því (senda fyrirspurn til petimport@mast.is) en slíkt leyfi er ekki alltaf veitt. Koma utan venjulegs vinnutíma felur í sér aukinn kostnað við innflutningseftirlit.
- Dýralæknir Mast skoðar fuglinn við komu vil landsins á Keflavíkurflugvelli